

Stofnanasamningur

milli SFR og Réttargeðdeildarinnar á Sogni

um röðun starfa í launaflokka.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi á Réttargeðdeildinni á Sogni. Samkomulagið telst hluti af kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR - stéttarfélags í almannajónustu, sem undirritaður var 9. mars 2005.

2. Starfaflokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum hjá félagsmönnum SFR.

2.1. Grunnröðun

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það.

Eftirfarandi launaflokkar skulu verða grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Öryggisgæslumenn	lfl. 6
Staðarhaldari	lfl. 12

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1 Starfsreynsla

Starfsmaður, sem er í starfi og hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Hækkunin miðast við grunnröðun starfsins.

- Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka.
- Starfsmaður með níu ára starfsreynslu skal hækka um 3 launaflokka.

Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

3.2. Menntun

Starfsmaður, sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður, sem lokið hefur framhaldsskólaprófi, skal hækka um 2 launaflokka.

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Hækkunin miðast við grunnröðun starfsins.

- Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

3.4. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- Starfið felur í sér flókin verkefni
- Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- Starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð

- Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkun á launaflokkum skv. þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á að fá að sjá umræddar forsendur.

Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

4. Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í gr. 11.4.1 í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 9. mars 2005 .

Selfossi, 12. desember 2006

F.h. SFR stéttarfélag í almennaþjónustu

F.h. Réttargeðdeildarinnar á Sogni

Bókun 1:

Hækkun skv. gr. 3.2 tekur gildi við gildistöku nýs stofnanasamnings 1. maí 2007.

Bókun 2:

Aðilar eru sammála um að starfsmaður sem sækir nám í félagsliðun fær það metið til hækkunar skv. gr. 3.3

Eins eru aðilar sammála um að þar sem starfsnám fyrir starfsmenn hefur ekki verið haldið lengi fái starfsmenn sem náð hafa 6 ára starfsaldri fyrirfram mat á launahækkun skv. lið 3.3 enda klára viðkomandi starfsmenn námið innan þriggja ára.